

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Umdæmisstjórnarfundur í Kiwanisumdæminu Ísland – Færeyjar haldinn í Kiwanishúsinu Vestmannaeyjum föstudaginn 11. september 2015 kl. 11:00

Mættir: Gunnlaugur Gunnlaugsson umdæmisstjóri, Gunnsteinn Björnsson kjörumdæmisstjóri, fráfarandi umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir, Eyþór K. Einarsson umdæmisféhirðir, Tómas Sveinsson erlendur ritari, Ragnar Eggertsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Karin Jakobsen svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Ólafur Jónsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Ólafur Þór Guðmundsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Magnús Eyjólfsson svæðisstjóri Ægissvæðis, Haukur Sveinbjörnsson verðandi kjörumdæmisstjóri, Arnór L. Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Magnús Helgason verðandi umdæmisféhirðir, Jóhanna M Einarsdóttir verðandi umdæmisritari, Óskar Guðjónsson ritstjóri Kiwanisfrétta, Sigurgeir Aðalgeirsson formaður laganefndar, Andrés Hjaltason formaður fræðslunefndar. Auk þess sátu fundinn John Button heimsforseti Kiwanis, Vincent Salambier forseti KIEF, ráðgjafi, Hilde Meyer umdæmisstjóri Norden.

Gunnlaugur Gunnlaugsson umdæmisstjóri setti fundinn og bauð alla velkomna til Vestmannaeyja.

Hann sagði dagskrá fundarins opna, en rætt væri m.a. um framkvæmd umdæmisþingsins.

Samþykkt var að leggja til að

Kjörbréfanefnd skipuðu: Arnór L. Pálsson, Sigurgeir Aðalgeirsson, Óskar Guðjónsson

Kjörnefnd skipuðu: Sigurður R. Pétursson, Andrés Hjaltason, Stefán R. Jónsson

Tómas Sveinsson erlendur ritari gerði grein fyrir framkvæmd umdæmisþingsins og Gunnsteinn Björnsson kjörumdæmisstjóri gerði grein fyrir fræðslu embættismanna og málstofum sem fram fara á fimmtudag.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Greint var frá því að umdæmisstjórnarskipti yrðu á lokahófi þingsins í Höllinni, en stjórnarskipti í lok þings á laugardegi.

Nokkrar umræður urðu um framkvæmd K-dags á næsta ári og hjálmaafhendingu. Einnig var rætt um fjölmiðlaumræðu og hvernig hreyfingin gæti náð betur inn í hana.

Umdæmisstjóri þakkaði öllum í umdæmisstjórn og nefndaformönnum fyrir gott samstarf á starfsárinu .

Rætt var um fjölgunarmál eins og oft áður.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:50

Kristján G. Jóhannsson umdæmisritari